



Reykjavík, 1. desember 2017

**Niðurstaða athugunar á fylgni tveggja sjóða í rekstri GAMMA Capital Management hf. við tilteknar fjárfestingarheimildir laga**

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi GAMMA Capital Management hf. með bréfi dagsettu hinn 13. febrúar 2017. Athugunin beindist að fylgni þriggja sjóða í rekstri GAMMA Capital Management hf. við fjárfestingarheimildir 1. mgr. 59. gr., sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Athugunin miðaðist við eignasafn sjóðanna um síðastliðin áramót.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í september 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna um síðastliðin áramót.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að sjóðirnir hefðu gerst brotlegir við fjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða skv. lögum nr. 128/2011. Fyrsti sjóðurinn hafði gerst brotlegur við 1. mgr. 59. gr. sbr. 2. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011 með því að eignast umfram 10% af skuldaskjölum eins útgefanda, umfram 25% af hverri útgáfu fjögurra skuldabréfa sama útgefanda og með því að hafa eignast umfram 10% af peningamarkaðsgerningum eins útgefanda. Annar sjóðurinn hafði gerst brotlegur við 1. mgr. 59. gr. sbr. 2. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011 með því að eignast umfram 10% af skuldaskjölum þriggja útgefanda og umfram 25% af hverri útgáfu þriggja skuldabréfa sama útgefanda. Þriðji sjóðurinn hafði gerst brotlegur við 1. mgr. 59. gr. sbr. 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011 með því að hafa eignast umfram 10% af peningamarkaðsgerningum eins útgefanda.

GAMMA Capital Management hf. hafði þegar gert ráðstafanir til þess að koma fjárfestingum í lögmælt horf í flestum ofangreindra tilvika en í einu tilviki fór Fjármálaeftirlitið fram á að þegar í stað skyldi gera ráðstafanir til að koma umræddri fjárfestingu í lögmælt horf og skyldi lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða.